

IV. KAFLI

26. gr.

Eignatjón og bætur.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjum eða öðrum eignum hafnarsjóðs, skulu bótaskyldir.

Annaðhvort bæta þeir tjónið eftir samkomulagi við hafnarnefnd eða greiða viðgerðarkostnað eftir reikningi.

27. gr.

Takist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því að matsgerð lauk.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnað við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en um 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Annars greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Sektirnar renni í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslum, nr. 204 23. desember 1949 með áorðnum breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. janúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, N.-Þingeyjarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Kelduneshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.